

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna fjölgunar gistirýma að Seljavöllum 2A.

Skipulagsstofnun staðfesti 11. apríl 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. mars 2024.

Í breytingunni felst að gistirýmum á svæði fyrir verslun og þjónustu VP10 er fjölgað úr 20 í 30. Sérákvæði breytist en ekki uppdráttur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 11. apríl 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2024